



Hvað skráir lögreglan og
í hvað notar hún það?





Lögreglulög nr. 90/1996

2. gr. c-liður.

„að starfrækja almenna deild er annist kerfisbundna skráningu upplýsinga um lögreglumálefni...“

Reglugerð um meðferð persónu- upplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001

2. gr.

Lögreglunni ber að halda tiltekna skrár:

- Dagbók
- Málaskrá
- Skrá yfir handtekna menn
- Aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu lögreglustarfa

Þessar skrár eru hluti svokallaðs „lögreglukerfis“ sem er miðlægt upplýsingakerfi lögreglunnar.

Reglugerð um meðferð persónu- upplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001

Þau atriði sem lögreglunni ber að skrá eru m.a. eftirtalin:

- Nákvæmar persónuupplýsingar um alla sem koma við sögu mála
- Vettvangur brots eða atburðar, handtöku o.fl.
- Ástand manns við handtöku
- Ökutæki og aðrir munir sem tengjast máli
- Upplýsingar um tilkynningar til aðstandenda og annarra yfirvalda

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

2. mgr. 54. gr.:

„Rannsaka skal þau atriði sem varða sakborning sjálfan, þar á meðal eftir því sem ástæða er til aldur hans, persónulegar aðstæður, svo sem fjölskyldu- og heimilishagi, menntun, störf og efnahag, hegðun hans og fyrri brot, og þroska hans og heilbrigðisástand, andlegt og líkamlegt.“

Reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota nr. 929/2006

3. gr.

„Í ökuferilsskrá skal færa upplýsingar um umferðarlagabrot sem varða ökumenn og byggðar eru á kærum lögreglumanna. Einnig skal færa í skrána upplýsingar um öll umferðarslys sem lögregluskýrslur hafa verið ritaðar um.“

Reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota nr. 929/2006

4. gr.

„Samkvæmt 4. gr. skulu m.a. eftirfarandi upplýsingar skráðar í ökuferilsskrá ef þær liggja fyrir:

- Nákvæmar persónuupplýsingar
- Upprunanúmer máls í málaskrá.
- Um ökuskírteini ökumanns og ökuréttindi.
- Skráningarkerki og fastanúmer ökutækis o.fl.
- Annað það er máli kann að skipta.“

Reglugerð um meðferð persónu- upplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001

6. gr.

„Persónuupplýsingum skal miðlað innan lögreglu að því marki sem nauðsynlegt er vegna lögreglustarfa. Einnig skal ákærvaldið og Fangelsismálastofnun ríkisins hafa aðgang að persónuupplýsingum að því marki sem nauðsynlegt er til að sinna lögboðnum verkefnum“

Reglugerð um meðferð persónu- upplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001

6. gr.

„Persónuupplýsingum verður aðeins miðlað til annarra stjórnvalda en getur í 1. mgr. eða til einkaaðila í eftirfarandi tilvikum:

1. samkvæmt samþykki hins skráða eða
2. samkvæmt lagaheimild eða
3. samkvæmt heimild Persónuverndar eða
4. ef miðlun upplýsinga er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu “



Reglugerð um meðferð persónu- upplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001

13. gr.

„Aðgangur lögreglumanna að persónuupplýsingum skal ekki vera rýmri en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim verkefnum sem þeir hafa með höndum “

Reglugerð um meðferð persónu- upplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001

6. gr.

„Persónuupplýsingum verður aðeins miðlað til erlendra lögreglu-
yfirvalda í eftirfarandi tilvikum:

1. samkvæmt lagaheimild eða
2. samkvæmt þjóðréttarlegri skuldbindingu eða
3. ef miðlun upplýsinga er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu eða sporna við alvarlegum afbrotum, enda veiti það ríki sem upplýsingar eru sendar til fullnægjandi persónuupplýsingavernd. “

Reglugerð um meðferð persónu- upplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001

8. gr.

„Upplýsingaréttur hins skráða.

Hinn skráði á rétt á að fá frá lögreglu vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann. “

Reglugerð um meðferð persónu- upplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001

9. gr.

„Takmörkun á upplýsingarétti.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 8. gr. er ekki fyrir hendi ef óhjákvæmilegt er að upplýsingar fari leynt vegna lögreglustarfa eða ef það er nauðsynlegt til að vernda hinn skráða sjálfan eða réttindi eða frelsi annarra “

Reglugerð um meðferð persónu- upplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001

3. gr.

„Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaoöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu “

- *Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga*
- *Upplýsingaréttur hins skráða og takmarkanir á honum*
- *Fræðsluskylda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða*
- *Skylda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum*
- *Viðvaranir um rafræna vöktun*
- *Eyðing og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi*
- *Tilkynningarskylda til Persónuverndar um vinnslu*

Aðgangur að upplýsingunum og eftirlit


- Enginn fær aðgang að upplýsingakerfum lögreglu nema að hafa staðfest með undirritun sinni að hafa kynnt sér reglur um upplýsingakerfin sem og laga- og reglugerðaákvæði varðandi trúnað og öryggi
- Aðgangi er stýrt með þar til gerðum aðgangshópum en þeir eru nærri 300 talsins
- Almennt fá lögreglumenn og starfsmenn lögreglu aðeins aðgang að málum síðustu 5 ára
- Öll vinnsla persónuupplýsinga í lögreglukerfinu er „logguð“ og hægt að sjá hvað hver og einn starfsmaður gerði, í hvaða útstöð og hvenær, öll leitarskilyrði í fyrirspurnum, hvaða hlutar máls voru skoðaðir, hvað var prentað út o.s.frv.

Réttur fólks til að vita hvað skráð um það

- Beiðnir fólks um upplýsingar um hvað er skráð um það þurfa að berast skriflega.
- Öllum beiðnum um upplýsingar er svarað innan 30 daga
- Upplýsingarnar eru sendar með ábyrgðarpósti á skráð lögheimili viðkomandi, en sá hinn sami getur líka fengið upplýsingarnar afhentar á skrifstofu ríkislögreglustjóra gegn framvísun persónuskilríkja.
- Eingöngu listi yfir mál sem viðkomandi er skráður í er sendur
- Farið er gaumgæfilega yfir alla slíka lista áður en þeir eru sendir til að tryggja að ekki sé verið að spilla löggæsluhagsmunum.

Hvernig notar lögreglan upplýsingarnar?

- Brotaferill með tilliti til ítrekunaráhrifa refsingar
- Ferill brotamanns hjá lögreglu
- Greining á þeim sem flokkast ættu sem „síbrotamenn“



Endurskipt 06.09.12 - 20.09.12

Hér er all þess upplýsingar um ákærstað hálfmána skráir í vörðun, sem fylgir ein af 4 breytingum á skráir. Þetta hefur og er:

Skipting 06.09.12 - 20.09.12

Hér hefur list af íbúðum og hálfmána skráir sem eru við á þessu vörðun.

Íbúðir - skráir	Skipting - skráir
2012.09.12 - 12.09.12	2012.09.12 - 12.09.12
2012.09.12 - 12.09.12	2012.09.12 - 12.09.12